

## **Berist: Starfshópi um haftengda upplifun og útivist**

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 27. okt. 2022 var lagt fram bréf starfshóps um greiningu á tækifærum til haftengdrar upplifunar og útivistar fyrir almenning í Reykjavík, dags. 12. okt. s.á. Á fundi ráðsins var ákveðið að meðlimir ráðsins myndu velta málinu fyrir sér og formanni falið að móta athugasemdir í samvinnu við ráðið og koma til skila fyrir tilskilinn frest 14. nóvember s.á.

Tvær hugmyndir bárust formanni frá 27. okt. til 14. nóv 2022. Rétt er að taka fram að um hugmyndir meðlima ráðsins er að ræða en ekki hefur farið fram formleg kosning innan íbúaráðsins um hugmyndirnar.

Hugmynd 1: Það er stormasamt og mikill öldusláttur við norðanverða strandlengju miðbæjar Reykjavíkur. Það kæmi e.t.v. til greina að vera með færanlega vagna, t.d. fish & chips, kakó og vöfflur. Allt eru þetta réttir sem eru notanlegir í norðanátt.

Hugmynd 2: Haftengd upplifun í Miðborginni sætir miklum skorðum vegna legu Sæbrautar. Ákjósanlegt væri að skoða hvernig mætti breyta legu Sæbrautar og breyta svæðinu í grænt svæði. Hvort sem það væri með því að loka hraðbrautinni, sbr. það sem er verið að gera í Seattle (Waterfront Park) eða með því að setja götuna í stokk, mætti auka mannlíf og minnka bílaumferð. Frekari umræða um slíkt þyrfti þó líklega að fara fram í borgarstjórn.

f.h. Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða

Pétur Marteinn Urbancic Tómasson